



Alþingi
Iðnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10

150REYKJAVÍK

SA/

Rvk. 14. apríl 2004

Efni: Frumvarp um stofnun Landsnets, 737 mál.

Frumvarp þetta byggir á tillögu meirihluta nefndar sem iðnaðarráðherra skipaði til að gera tillögu um fyrirkomulag flutnings raforku. Samtök atvinnulífsins átti fulltrúa í nefndinni, og stóð hann að frumvarpinu, en lét þó fylgja með bókun varðandi verðmat óarðbærra flutningsvirkja, arðsemiskröfur og gegnsæi opinbers stuðnings við tiltekna raforkunotendur. Bókun fulltrúa Samtaka atvinnulífsins var eftirfarandi.

„Samtök atvinnulífsins telja verðmat á flutningsvirkjum sem keypt eða leigð verða af flutningsfyrirtækinu vera atriði sem skipti sköpum um það hvort sæmileg sátt skapist um nýtt fyrirkomulag við flutning og dreifingu raforku. Í ákvæði frumvarpsins til bráðabirgða um mat á verðmæti flutningsfyrirtækis segir: „Eigendur þeirra flutningsvirkja sem mynda flutningskerfið skulu koma sér saman um mat á verðmæti þeirra. Stefnt skal að því að matsverðið sé sem næst endurstofnverði flutningsvirkjanna að teknu tilliti til framreiknaðra afskrifta sem bókfærðar hafa verið vegna viðkomandi eignar, auk annarra atriða sem máli skipta.“ SA leggja þann skilning í síðasta setningarhlutann „auk annarra atriða sem máli skipta“ að með honum sé verið að beina þeim fyrirmælum til samninganefndarinnar að hún víki frá reglunni um að matsverðið sé sem næst endurstofnverði flutningsvirkja í þeim tilvikum þegar um óarðbærar einingar er að ræða. Reglur um að fullt verð komi fyrir, eins og í tilvikum um eignarnám, eiga hér ekki við. Mat á verðmæti eigna í atvinnurekstri sem ætlaðar eru til tekjuöflunar byggist á arðsemi þeirra en ekki stofnkostnaði. Það er því ekki réttlætanlegt að gera arðsemiskröfur til þeirra. SA telja því að í sumum tilvikum eigi það við að eignir gangi inn í flutningsfyrirtækið án þess að fyrir þær komi endurgjald. Þá telja SA þá skyldu hvíla á fulltrúum ríkisins í samninganefndinni að þeir komi á samningum þar sem augljóst er af ákvæðum um svokallaða matsnefnd að hún hefur ekki umboð til neins annars en að meta flutningsvirkin á endurstofnverði.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

SA telja það þjóðhagslega óskilvirkt að gera minni arðsemiskröfu til fjármagns í þessum iðnaði en í öðrum atvinnurekstri. Opinber verðlagning sem miðar við 6% arðsemi að hámarki er of lágt þak miðað við arðsemiskröfur almennt. Ef þakið verður ákveðið svona lágt mun löggjafinn liggja undir þrýstingi um að hækka þetta þak á komandi árum.

Loks telja SA eðlilegt að opinber stuðningur við tiltekna raforkunotendur eigi að vera eins gegnsær og unnt er en eigi ekki að fela í raforkuverðinu.“

Samtök atvinnulífsins treysta því að iðnaðarráðherra og fulltrúar ríkisins í samninganefnd um verðmat þeirra flutningsvirkja sem ganga inn í nýja flutningsfyrirtækið, Landsnet hf., muni sjá til þess að það verði sem komi fyrir eignirnar muni hafa óveruleg á gjaldskrár vegna raforkuflutnings. Í ljósi framangreindra viðhorfa styðja Samtök atvinnulífsins að frumvarp þetta verði að lögum.

Hannes G. Sigurðsson

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri